



Heimilisöryggi
leiðbeiningar um notkun

Til hamingju með **öryggiskerfið**

Takk fyrir að velja öryggiskerfi frá Öryggismiðstöðinni. Öryggismiðstöðin hefur allt frá árinu 1995 boðið upp á vandaðar öryggislausnir fyrir fyrirtæki og heimili. Við vonum að það reynist þér vel.

Þessar leiðbeiningar auðvelda þér að nota nýja öryggiskerfið. Nánari upplýsingar er að finna á oryggi.is. Ef þú ert í vafa um eitthvað er þér velkomið að hafa samband við þjónustuver í síma 570 - 2400.


Með bestu kveðju,
starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar

Byrjaðu að hlaða niður appinu **Öryggismiðstöðin**

Í appinu er allt sem þú þarft til að setja upp og stjórna öryggiskerfinu. Ef þú setur upp kerfi á fleiri en einum stað (t.d. á heimilinu, fyrirtækinu og í sumarhúsinu), getur þú stjórnað þeim öllum með sama appinu.

Þú og aðrir notendur getið stillt og stjórnað kerfinu í gegnum appið. Leitaðu að „Öryggismiðstöðin“ á Google Play eða í App Store. Sjá einnig lágmarkskröfur fyrir stýrikerfi í App Store / Google Play.

Þú skráir þig inn með netfangi og aðgangsorðinu sem þú fékkst hjá tæknimanninum. Við mælum með að þú breytir aðgangsorðinu þínu sem fyrst.



Stjórnun kerfisins með APPI

1. Tæki:

Listi yfir alla skynjara tengda öryggiskerfi

2. Herbergi:


Sýnir svæðaskiptingu öryggiskerfis ef hún er til staðar

3. Tilkynningar:

Hérna má sjá atburðarskrá öryggiskerfis og skoða tilkynningar sem kerfið sendir frá sér.

4. Stjórna:

Beinir yfir á upphafssíðu appsins.



5. Staðsetning öryggiskerfis


6. Staða öryggiskerfis

7. Hægt er að breyta stöðu kerfis, setja á vörð eða taka af verði.


8. Virkja næturstillingu


Athugið: Neyðarhappur er ekki virkur í appi.

Heill rauður hringur sýnir að
öryggiskerfið er **varðsett**



Opinn grænn hringur sýnir að
öryggiskerfið er **ekki varðsett**






Hérna má sjá notendaupplýsingar og hægt að setja inn mynd og breyta notendastillingum og heimildum þeirra.


Ath. ekki er boðið upp á SMS sendingar frá öryggiskerfi.

Tækjalisti sem sýnir alla skynjara tengda við öryggskerfi, sendistyrk þeirra og stöðu rafhlöðu


Sé smellt á skynjara má sjá hitastig í rými viðkomandi skynjara



Tilkynningar og atburðarskrá sýnir alla atburði sem kerfið skráir eins og t.d aftengingar varðsetningar og viðvaranir sem frá kerfinu koma




SKOÐA MYNDUPPTÖKU ÚR HREYFISKYNJARA



Fara þarf inn í "Tilkynningar" frá aðalvalmynd, smella á "Hreyfing fannst" og þá birtast 3 myndir af atburði sem setti öryggiskerfi í útkall.

SVONA VIRKAR STJÓRNBORÐIÐ



1. Ljós sem sýnir að öryggiskerfi sé á verði
2. Ljós sem sýnir að öryggiskerfi sé ekki á verði
3. Ljós sem sýnir að öryggiskerfi sé á næturstillingu
4. Bilunarljós, gefur til kynna bilun í öryggiskerfi
5. Lestur fyrir aðgangsfloðu
6. Talnaborð til þess að slá inn kóða sem tekur öryggiskerfið af verði

7. Stöðva hjóðgjafa reykskynjara
8. Endursetningarhappur
9. Setja öryggiskerfi á vörð
10. Taka öryggiskerfi af verði
11. Setja öryggiskerfi á næturstillingu

STJÓRNAÐ MEÐ FJARSTÝRINGU

Virkja allt kerfið

Setur alla skynjara á vörð

Kerfið tekið af vörð


Allt kerfið tekið
af vörð

Næturstilling


Ýttu hér til að virkja alla
skynjara sem tengdir
eru næturstillingu




BÆTA VIÐ NÝJUM NOTANDA



Veldu "Tæki"



Veldu stjórnstöð efst í lista yfir
búnað sem tilheyrir kerfinu
og ýttu á tannhjólið




Veldu "Notendur" og
"Senda boð" og skráðu
netfang nýs notanda

EYÐA ÚT NOTANDA

- 1** Ýttu á Aðalvalmynd (hamborgara-icon). Veldu **Stillingar**.
- 2** Veldu **Breyta aðgangi**
- 3** Ýttu á **Eyða aðgangi** neðst á skjánum og staðfestu með því að velja **Já, eyða**.
- 4** Ef aðgangur þinn er tengdur við svæði mun skjár opnast með lista yfir svæðin. Veldu **Áfram takkann**. Athugaðu að þú munt ekki lengur hafa aðgang að svæðunum eftir að aðgangi hefur verið eytt.


Ath! Ef þú ert síðasti notandinn með stjórnunarréttindi á svæðinu, eyddu þá svæðinu fyrst. Til að gera það, veldu Yfirgefa svæði í svæðisstillingum og eyddu síðan aðganginum.

- 5** Staðfestu eyðingu á aðgangi með því að setja inn tvo staðfestingarkóða. Kóðarnir verða sendir í símanúmer og með tölvupósti sem er tengdur við aðganginn.
- 6** Ýttu á **Eyða aðgangi** takkann og hinkraðu í nokkrar sekúndur. Eftir að ferlið klárast munu skilaboð birtast á skjánum sem gefa til kynna að aðganginum hafi verið sannarlega eytt.
Ath! Þú getur ekki hætt við að eyða aðganginum eftir að hafa klárað ferlið út skref nr. 6.



Nánari upplýsingar

Þú getur nálgast ítarlegri leiðbeiningar og myndbönd á www.oryggi.is eða hjá þjónustuveri okkar í síma 570 — 2400



Gagnleg símanúmer:

Stjórnstöð - 530 2400

Þjónustuver - 570 2400



Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 | oryggi.is | Nánar á oryggi.is